

25. APRÍL
2025

HARPA
ELDBORG

75
ÁRA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ungir einleikarar

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Básúnukonsert 17'

Tilbrigði 18'

Fiðlukonsert 26'

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður útvarpað síðar á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Ungir einleikarar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 25. APRÍL KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mirian Khukhunaishvili
hljómsveitarstjóri

Steinn Völundur Halldórsson
básúna

Katrín Birna Sigurðardóttir
selló

Bjargey Birgisdóttir
fiðla

Henri Tomasi

Konsert fyrir básúnu (1956)
Andante et scherzo – Valse
Nocturne
Tambourin

Pjotr Tsjaikovskíj

Tilbrigði við Rokokóstef fyrir selló og hljómsveit,
op. 33 (1876)
Moderato assai quasi Andante – Thema: Moderato
semplice
I Tempo della Thema
II Tempo della Thema
III Andante sostenuto
IV Andante grazioso
V Allegro moderato
VI Andante
VII Coda: Allegro vivo

Hlé

Sergei Prokofiev

Fiðlukonsert nr. 2 í g-moll op. 63 (1935)
Allegro moderato
Andante assai
Allegro, ben marcato

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.

Einleikara- og einsöngvarakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands

Ungir einleikarar er samstarfsverkefni LHÍ og Sinfóníuhljómsveitar Íslands en sigurvegarar keppninnar fá tækifæri til þess að koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni á glæsilegum tónleikum. Keppnin er opin nemendum á öllum stigum háskólanáms án aldurstakmarks og er nú haldin í tuttugasta og fyrsta sinn.

Umsóknir í keppnina í ár voru 19 talsins og hópur þátttakenda afar fjölbreyttur að vanda. Keppninni er skipt í tvær umferðir og fór seinni umferðin fram þann 7. janúar 2025 í Kaldalóni, Hörpu. Þar komu sjö keppendur fram fyrir fimm manna dómnefnd og eftir stóðu þrír sigurvegarar.

Dómnefnd

Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðluleikari og formaður dómnefndar, Tryggvi M. Baldvinsson, listrænn ráðgjafi SÍ, Sigurður Bjarki Gunnarsson, sellóleikari, Mathias Halvorsen, píanóleikari og Guðrún Ólafsdóttir, söngkona.

Ritun texta í tónleikaskrá

Ungu einleikararnir sem koma fram á tónleikunum í kvöld sáu um ritun texta í tónleikaskrá.



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**



Mirian Khukhunaishvili

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Georgíski hljómsveitarstjórinn Mirian Khukhunaishvili er nýráðinn tónlistarstjóri Óperunnar í Wrocław, þar sem hann hefur störf í september nk. Um þessar mundir er hann aðalhljómsveitarstjóri Elbląg kammerhljómsveitarinnar í Póllandi en hann er einnig tónlistarstjóri og einn stofnenda Tblisi ungmennahljómsveitarinnar í Georgíu.

Khukhunaishvili hefur stjórnað fjölda sinfóníuhljómsveita í Evrópu sem gestahljómsveitarstjóri, þar má nefna Konzerthausorchester Berlin, Dönsku þjóðarhljómsveitina, NFM Wrocław fílharmóníuna, Sinfóníuhljómsveitina í Gävle, Rúmönsku útvarpshljómsveitina, og allar helstu sinfóníuhljómsveitir Georgíu. Mirian hefur starfað með Sinfóníuhljómsveit Íslands áður en hann stjórnaði sveitinni á Jólatónleikum árið 2022 og Vínartónleikum árið 2024.

Khukhunaishvili er sá fyrsti til að taka á móti Ringmann-Jaross verðlauninum sem veitt eru af hljómsveitarstjóranum Christoph Eschenbach. Khukhunaishvili hefur líka unnið sem aðstoðarstjórnandi Klaus Mäkelä og var aðstoðarstjórnandi á tónleikaferðalagi Concertgebouw hljómsveitarinnar þar sem leiknar voru 5. sinfónía Bruckners og 3. sinfónía Mahlers.

Khukhunaishvili vann Paavo Järvi verðlaunin sem og hlustendaverðlaunin í hljómsveitarstjóraakademíunni á vegum Tonhalle hljómsveitarinnar Zurich 2022/23. Þá hefur hann tekið þátt í Ammodo hljómsveitarstjórastjórnarmasterclass með Concertgebouw hljómsveitinni og Norrænu hljómsveitarstjóraakademíunni með Óslóarfílharmóníunni.

Á árunum 2021 – 2024 kenndi hann hljómsveitarstjórn við Listaháskóla Íslands og stjórnaði kór skólans. Hann lærði sjálfur við Ríkistónlistarháskólann í Tblisi og síðar í Tónlistarakademíunni í Kraków, hvaðan hann lauk doktorsprófi í hljómsveitarstjórn árið 2020.



Steinn Völundur Halldórsson

EINLEIKARI

Steinn Völundur Halldórsson hóf tónlistarnám sitt við skólahljómsveit Austurbæjar átta ára gamall. Síðan nam hann við Tónlistarskólann í Reykjavík og útskrifaðist þaðan 2018 með framhaldspróf undir handleiðslu Odds Björnssonar. Í beinu framhaldi hélt hann til náms í Hollandi við konunglega konservatoríð í Haag. Þar lærði hann hjá Sebastiaan Kemner og Timothy Dowling og útskrifaðist með bakkalársgráðu árið 2023. Frá haustinu 2023 hefur Steinn stundað meistaranám, nú undir handleiðslu Mike Svoboda, við tónlistarháskólann í Basel.

Steinn er virkur í flutningi samtímatónlistar og vinnur gjarnan með ungum tónskáldum en hefur einnig flutt tónlist undir stjórn þekktra tónskálda svo sem Helmut Lachenmann og Beat Furrer. Árið 2024 var Steinn þátttakandi í *Lucerne Festival Academy* og árið 2023 lék hann í úrslitum í altbásúnukeppni *International Trombone Festival* í Utah.



Katrín Birna Sigurðardóttir

EINLEIKARI

Katrín Birna Sigurðardóttir er fædd árið 2002 og hóf sellónám 5 ára gömul á Selfossi í Tónlistarskóla Árnesinga þar sem aðalkennari hennar var Uelle Hahndorf. Hún lauk framhaldsprófi þaðan vorið 2021 og stundar nú nám við Tónlistarháskólann í Árósum, Danmörku hjá Henrik Brendstrup.

Katrín Birna Sigurðardóttir er fædd árið 2002 og hóf sellónám 5 ára gömul á Selfossi í Tónlistarskóla Árnesinga þar sem aðalkennari hennar var Uelle Hahndorf. Hún lauk framhaldsprófi þaðan vorið 2021 og stundar nú nám við Tónlistarháskólann í Árósum, Danmörku hjá Henrik Brendstrup.

Áður en Katrín hélt út í nám var hún leiðari Ungsveitarinnar árið 2019. Á fyrsta ári vann hún einleikarakeppni skólans og fékk þá tækifæri til að koma fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Álaborgar sumarið 2022. Haustið 2024 hlaut hún hæfileikaverðlaun frá Vinafélagi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Árósum auk þess sem hún lék einleik með strengjasveit skólans. Katrín leikur á Noémie Viaud selló frá 2024 sem hún er með til láns frá Augustinus Fonden.



Bjargey Birgisdóttir

EINLEIKARI

Bjargey Birgisdóttir hóf fiðlunám 5 ára gömul hjá Helgu Steinunni Torfadóttur í Allegro Suzukitónlistarskólanum og útskrifaðist frá Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar þar sem kennari hennar var Auður Hafsteinsdóttir. Hún lauk bakkalárgráðu frá Hochschule für Musik Basel undir handleiðslu Barböru Doll og stundar hún nú meistaranám hjá Simone Zraggen í Hochschule für Musik Freiburg.

Bjargey hefur hlotið margvísleg verðlaun og styrki fyrir fiðluleik sinn, leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna árið 2019 og Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2020 og verið konsertmeistari Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún er nú í starfsnámi hjá Philharmonisches Orchester Freiburg og í ár er hún meðlimur hinnar virtu Gustav Mahler Jugendorchester. Bjargey leikur á fiðlu smíðaða af Johann Kulik í Prag árið 1867.



Henri Tomasi

KONSERT FYRIR BÁSÚNU

Franska tónskáldið Henri Tomasi (1901-1971) er líklega þekktastur í dag fyrir blásarakonsertana sína en hann var einnig virt óperutónskáld og stjórnandi. Árið 1917 hóf Tomasi nám við Tónlistarháskólann í París. Þar lærði hann undir leiðsögn Philippe Gaubert, Georges Caussade, Paul Vidal og Vincent d'Indy. Árið 1927 hreppti hann annað sæti fyrir tónsmíðar í keppninni *Grand Prix de Rome* og fyrsta sæti fyrir hljómsveitarstjórn hið sama ár.


Frá unglingsárum og samhliða námi lék Tomasi á píanó á skemmtistöðum, kaffihúsum og hótelum. Í básúnukonsertinum eru þessi áhrif áberandi í formi blúsaðra innskota í öðrum kafla verksins. Einnig í byrjun fyrsta kafla þar sem tónskáldið vísar í ameríska djassbásúnuleikarann Tommy Dorsey.

Konsertinum er skipt niður í þrjá kafla, *Andante et Scherzo - Valse, Nocturne* og *Tambourin*. Verkið hefst á ögrandi þema í einskonar ballöðu áður en það brýst út í líflegu Scherzo. Fyrsti kaflinn fer svo yfir í vals áður en hann endar á tilvitnun í upphafsþemað og tekur okkur samstundis út úr dans hryninum.

Annar kaflinn, *Nocturne*, er ólíkur líflegum fyrsta kaflanum; einlægur og sýnir lýríska hlið básúnunnar. Þemað er byggt upp með hægu ostinato, það er að segja síendurteknu stefi, í undirleiknum sem básúnan flýtur ofan á, en er svo skotið inn blúsuðu stefi sem vísar í byrjun fyrsta kaflans.

Lokakaflinn, *Tambourin*, er rytmískur og sýnir tæknilega getu básúnunnar sem skapar dramatík og kraft undir lok konsertsins.

Steinn Völundur Halldórsson



Pjotr Tsjajkovskij

TILBRIGÐI VIÐ ROKOKÓSTEF FYRIR SELLÓ OG HLJÓMSVEIT, OP. 33

Pjotr Tsjajkovskij (1840-1893) er eitt vinsælasta tónskáld Rússlands fyrr og síðar. Tónlist hans einkennist af fallegum laglínnum sem eru settar fram á tilfinningaríkan hátt. Hans þekktustu verk eru eflaust ballettarnir *Hnotubrjóturinn* og *Svanavatnið*. Árið 1876 samdi Tsjajkovskij *Tilbrigði við Rokokóstef* í nýklassískum stíl fyrir sellóleikarann Wilhelm Fitzenhagen. Á þessum tíma gekk tónskáldinu erfiðlega eftir neikvæða gagnrýni um fantasíuforleikinn Rómeó og Júlíu. Það varð til þess að hann ákvað að breyta um stefnu og prófa sig áfram með annan tónlistarstíl.

Tilbrigði við Rokokóstef voru skrifuð fyrir þá stærð af hljómsveit sem tíðkaðist á vínarklassíska tímabilinu, hljómsveit án málmblásara og slagverksleikara. Ári seinna frumflutti Fitzenhagen verkið eftir að hafa breytt uppröðun tilbrigðanna og gert virtúósískar breytingar til þess að verkið henti tæknilegum eiginleikum hljóðfærisins betur. Upphafsstefið er samið í Rokokó-stíl í ætt við stefjaefni Mozarts. Það er bæði fíngert og þokkafullt. Á eftir því fylgja sjö tilbrigði sem öll hafa mismunandi karakter en hafa tengingu við upphafsstefið. Fyrstu tvö tilbrigðin eru nátengd stefinu og mjög fínlega útfærð og leikandi, á eftir kemur tilfinninganæmt þriðja tilbrigði og rómantíska hlið Tsjajkovskijs kemur meira í ljós. Fjórða tilbrigðið er leikandi og fullt af mildi, flautan tekur við stefinu í því fimmta sem leiðir til dramatískrar kadensu. Andrúmsloftið verður hjartnæmt um stund áður en verkinu lýkur á tæknilega krefjandi og dramatísku lokatilbrigði.

Katrín Birna Sigurðardóttir



Sergei Prokofiev

FIÐLUKONSERT NR. 2 Í G-MOLL OP. 63

Sergei Prokofiev (1891-1953) fæddist í Rússlandi og var eitt áhrifamesta tónskáld 20. aldar. Hann var bráðger tónlistarmaður og samdi sitt fyrsta píanóverk fimm ára gamall og fékk inngöngu í tónlistarháskólann í St. Pétursborg þrettán ára gamall. Í kjölfar rússnesku byltingarinnar árið 1918 yfirgaf Prokofiev heimaland sitt og bjó næstu árin í Frakklandi og Bandaríkjunum áður en hann fluttist aftur til Rússlands árið 1936.

Prokofiev hóf að semja annan fiðlukonsert sinn í París árið 1935, rétt áður en hann sneri aftur til heimahaganna. Hann var þá í tónleikaferðalagi með fiðluleikaranum Robert Soëns sem pantaði verkið og frumflutti það í Madríd í lok sama árs. Fiðlukonsertinn er saminn um svipað leyti og tvö af þekktustu verkum Prokofíevs, ballettónlistin við Rómeó og Júlíu og ævintýrið um Pétur og úlfinn. Í þessum verkum kveður að mörgu leyti við nýjan tón hjá tónskáldinu þar sem greina má meiri áherslu á einfaldar og fallegar laglínur í stað framúrstefnulegs og vélræns yfirbragðs eins og gjarnan einkenndu fyrri verk hans.

Fyrsti kaflinn hefst á dulúðlegu og einföldu stafi í g-moll sem fiðlan leikur ein. Þrátt fyrir einfaldleika laglínunnar er hún full af spennu, trega og dramatík. Nokkrum tóktum síðar bætast víólur og kontrabassar við en nú í annarri tóntegund, h-moll. Kaflinn einkennist af mismunandi litbrigðum þar sem fléttast saman rómantískar laglínur og kraftmiklir rytmískir kaflar. Annar kaflinn hefst á pizzicato stafi sem hljómsveitin leikur og síðan bætist einleiksfíðlan við með bjartri og undurfagurri laglínu. Í lok kaflans skipta hljómsveitin og einleiksfíðlan um hlutverk, sellóin spila upphafsstef kaflans og einleiksfíðlan pizzicato. Lokakaflinn er orkumikill og rytmískur og minnir á gáskafullan dans þar sem notkun á kastanfettum ljáir þættinum spænskt yfirbragð.

Bjargey Birgisdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Laufey Jensdóttir
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Laura Liu
Maxime Gulikers
Pálína Árnadóttir
Joanna Bauer
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Justyna Bidler
Greta Salóme Stefánsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross
Hlín Erlendsdóttir
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir

Víola

Rita Porfiris
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Steina Kristín Ingólfssdóttir

Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Urh Mrak
Margrét Árnadóttir
Guðný Jónasdóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Hávarður Tryggvason

Flauta

Emilía Rós Sigfúsdóttir
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins

Klarínnett

Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzek
Caroline Messner

Trompet

Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Steeff van Oosterhout

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tækniamaður

KK & Sinfó

22. & 23. MAÍ

A man wearing a brown fedora, sunglasses, and a black leather jacket with a white fur collar is playing a brown electric guitar. He is smiling and looking down at the instrument. The background is a warm, golden-yellow color with some light speckles.

SÉRSTAKIR GESTIR ERU ELLEN,
MUGISON OG JÓN JÓNSSON

MÍÐASALA Á SINFONIA.IS